

Nd. **779. Breytingartillögur** [145. mál]

við frv. til laga um málefni fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Orðið fatlaður í þessum lögum merkir þá sem eru andlega eða líkamlega hamlaðir.
2. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og í stjórnarnefnd skv. 3. gr.
3. Við 6. gr.
 - a. Ný málsgrein er verði 2. mgr.:
Stefnt skal að því að útvega aðstöðu til tímabundinnar og varanlegrar vistunar á fósturheimilum.
 - b. Upphaf síðustu málsgreinar orðist svo:
Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að fenginni umsögn stjórnarnefndar að fella niður eða bæta við þjónustupáttum. Þá getur ráðherra o. s. frv.

4. Við 7. gr.
 - a. Í lið 8 falli út „og afþreyingarheimili“.
 - b. Nýr liður: 14. Skóladagheimili.
 - c. Upphaf 2. málsg. orðist svo:
Hlutaðeigandi ráðherra o. s. frv.
 - d. Upphaf 3. málsg. orðist svo:
Hlutaðeigandi ráðherra eða ráðuneyti o. s. frv.
5. Við 9. gr. Síðari málsliður orðist svo:
Svæðisstjórnir skulu gera tillögur um, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, hvernig þessi þjónusta verði veitt.
6. Við 10. gr. Ný málsgrein bætist við:
Greiddslu á aðstoð skv. þessari grein annast lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.
7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Leyfi til handa sveitarfélögum og félögum fatlaðra til að setja á fót og reka stofnanir fyrir fatlaða samkv. 7. gr. veita hlutaðeigandi ráðuneyti að fenginni umsögn viðkomandi svæðisstjórnar.
Svæðisstjórn annast eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða. Skytt er að veita fulltrúum svæðisstjórnar aðgang að stofnunum til eftirlits og upplýsingar um allt er varðar starfsemi þeirra og afkomu. Svæðisstjórnnum ber að leiðbeina stofnunum um það sem betur má fara.
Þegar svæðisstjórn annast sjálf rekstur stofnana skal félagsmálaráðuneytið annast eftirlit með rekstri þeirra.
Samkvæmt tillögu stjórnarnefndar getur ráðherra, er málið heyrir undir, svipt stofnanir þessar leyfi til að starfa, ef þær fara ekki eftir kröfu svæðisstjórna og/eða félagsmálaráðuneytisins um það, sem talið er ábótavant í rekstrinum, innan hæfilegs tíma.
8. Við 16. gr. Greinin ásamt kaflafyrirsögn orðist svo:

IV. KAFLI

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

16. gr.

Ríkið starfrækir eina aðalgreiningar- og ráðgjafarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og heyrir hún undir félagsmálaráðuneytið.

Hlutverk og starfssvið hennar er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum 0—20 ára sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.
2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætla. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra/forráðamenn eða aðra meðferðaraðila.
3. Langtíma meðferð fyrir þá einstaklinga, sem þarfnast hennar, enda sé hún ekki fánleg á öðrum stofnunum eða annars staðar.
4. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi skjólstaðingur njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni. Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að láta meðferðaraðilum í té leiðbeiningar og ráðgjöf þegar þess er óskað.
5. Starfræksla leikfangasafns. Útlán leikfanga til foreldra og forráðamanna ásamt ráðgjöf og leiðbeiningum. Enn fremur fagleg aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu og starfsemi annarra leikfangasafna á landinu.

6. Þjálfun starfsstétta, sem annast þjónustu við fatlaða samkvæmt 6. og 7. gr., í samvinnu við svæðisstjórnir og þá skóla sem annast menntun starfsmanna á viðkomandi sviðum.
7. Skráning og varðveisla upplýsinga um fatlaða í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
8. Veita svæðisstjórnnum faglega aðstoð og vera umsagnaraðili varðandi umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum samkvæmt 5., 7., 9. og 13. tl. 7. gr. Sama gildir og um 10. gr.
9. Beita sér fyrir fræðilegum rannsóknum á sviði fötlunar og veita faglega ráðgjöf varðandi kannanir á högum fatlaðra í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og svæðisstjórnir.
10. Vera félagsmálaráðuneytinu til aðstoðar við útgáfu upplýsingabæklinga á þessu sviði, sbr. 25. gr.
11. Hjálpartækjabanki fyrir börn.

Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skal hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra og skal hann vera ábyrgur fyrir faglegri starfsemi stofnunarinnar og samskiptum við aðrar stofnanir.

Framkvæmdastjóri skal sjá um fjárhagslegan rekstur stofnunarinnar og umsjón með daglegum rekstri. Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann og framkvæmdastjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra er jafnframt stjórnarnefnd Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að fengnum tillögum stjórnarnefndar.
9. Við 19. gr.
 - a. Í stað „sveitarstjórna“ í 1. mgr. komi: svæðisstjórna.
 - b. Í stað „skyldulið sitt“ í 1. tl. komi: fjölskyldu sína.
 - e. 2. mgr. orðist svo:

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð skv. 1. og 2. tl. Félagsmálaráðuneytið veitir styrk eða lán skv. 3. tl.
 - d. Ný málsgrein bætist við:

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara ákvæða, svo sem skilyrði, sem uppfylla þarf til að njóta styrkja skv. þessari grein, og styrkuppþæð.
10. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Svæðisstjórnir skulu fjalla um úrbætur í húsnæðismálum fatlaðra, bæði hvað varðar stofnanir og einstaklinga, og gera ákveðnar tillögur í þeim efnum til Húsnæðisstofnunar ríkisins.
11. Við 22. gr. Greinin orðist svo:

Svæðisstjórnir skulu stuðla að atvinnuleit fyrir fatlaða, hver á sínu svæði, sem hefur það hlutverk að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi.

Atvinnuleitin skal starfa í nánnum tengslum við félagsmálaráðuneytið, vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags, aðila vinnumarkaðarins og Tryggingastofnun ríkisins, sbr. reglugerð nr. 319/1979 um öryrkjavinnu.

Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með því, að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt, ekki hvað síst við byggingu nýrra vinnustaða. Jafnframt kanna þær með viðræðum við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi sveitarfélaga, hvernig fjölga megi störfum fyrir fatlaða á sem flestum vinnustöðum, og gera tillögur um, hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi.

Leggja skal áherslu á að skipuleggja hlutastörf eftir því sem við verður komið vegna þeirra, sem ekki þola vinnuálag sem fullt starf hefur í för með sér.

Þar sem vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags starfrækir sérstaka deild fyrir öryrkja samkv. lögum nr. 52/1956 skal svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar samkvæmt 1. mgr.

12. Við 23. gr. Greinin falli út.

13. Ný grein sem verður 23. gr.

Félagsmálaráðuneytið beitir sér fyrir, í samráði við félög fatlaðra, aðila vinnumarkaðarins og Tryggingastofnun ríkisins, að gerð sé könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum, og í framhaldi af því að gera tillögur um úrbætur. Slíka könnun skal endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

14. Við 25. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið skal beita sér fyrir kynningu á málefnum fatlaðra í samvinnu við hlutaeigandi aðila. Fötluðum séu reglulega, með útgáfu bæklinga o. fl., kynnt réttindi sín.

Kynning á málefnum fatlaðra skal felld inn í kennslu í samfélagsfræðum í grunn-skólum. Nemendum grunnskóla skal gefinn kostur á kennslu í táknmáli heyrnleysingja skv. nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

Að ákvörðun menntamálaráðuneytisins skal tileinka einn dag á ári kynningu á málefnum fatlaðra í grunn- og framhaldsskólum landsins.

15. Við 28. gr.

a. Í 2. mgr. falli út „og 13.“

b. 3. mgr. orðist svo:

Um kostnað vegna rekstrar skv. 2. og 12. tl. 7. gr., fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva, enda séu slíkar stofnanir byggðar og reknar skv. þeim lögum.

c. Síðasta málsgrein „Ráðherra er heimilt að jafna greiðslum niður á sveitarfélögin og innheimta þeirra hlut í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri“ falli út.

16. Við 34. gr. 2. mgr. orðist svo:

Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir, sem taldar eru í (1. mgr.) 26. og 27. gr., og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu. Um framkvæmdir gilda ákvæði laga nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir að undanskildum framkvæmdum skv. 1. mgr. 27. gr.

17. Við 35. gr. 1. tl. orðist svo:

Ríkissjóður skal árlega næstu 5 ár leggja sjóðnum til a. m. k. jafnvirði 33 milljóna króna miðað við 1. janúar 1982. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins.

18. Við 36. gr.

a. Ný málsgrein sem verði 4. mgr.:

Stjórnarnefnd skal leita staðfestingar viðkomandi ráðherra á tillögum sínum um úthlutun úr sjóðnum.

b. Í stað „desember“ komi í 4. mgr.: september.

19. Við 38. gr. Greinin orðist svo:

Svæðisstjórnir safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra, skv. lögum þessum, hver á sínu svæði.

Svæðisstjórnir senda þessar upplýsingar til viðkomandi ráðuneytis ásamt framkvæmdaáætlun til 3ja ára í senn. Afrit af áætluninni skal sent stjórnarnefnd.

Heilbrigðis-, mennta- og félagsmálaráðuneytin senda á grundvelli þessara tillagna áætlanir sínar og umsögn um tillögur svæðisstjórna til stjórnarnefndar.

Stjórnarnefnd, í samráði við félagsmálaráðuneytið, samhæfir áætlanirnar og vinnur endanlega framkvæmdaáætlun um þörf þjónustunnar í samræmi við rökstudda þörf og fjárveitingar hverju sinni.

Framkvæmdaáætlun skal einnig lögð fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjárveitinganefnd Alþingis.

20. Við 43. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um hlutverk stjórnarnefndar skv. 3. gr., um störf svæðisstjórna, sbr. 5. gr., um ákvæði 10. gr., um framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 34., 35. og 36. gr.

21. Við 44. gr. Í stað „1. janúar 1982“ komi: 1. janúar 1983.